

## **Sp. 260. Tillaga til þingsályktunar**

um skipting verðjöfnunarsvæðis.

Flm.: Bjarni Snæbjörnsson, Emil Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá svo um, að sú breyting verði frá því, sem nú er um skipting landsins í verðjöfnunarsvæði samkv. lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., að Hafnarfjarðarkaupstaður og Garðahreppur verði gerðir að sérstöku verðjöfnunarsvæði.

### **Greinargerð.**

Tillaga þessi er fram borin vegna einróma óska mjólkurframleiðenda í Hafnarfirði og Garðahreppi, sem standa að mjólkurbúi Hafnarfjarðar.

Á síðastliðnu ári urðu þessir framleiðendur að greiða til samsölnunnar, samkvæmt upplýsingum bústjórans:

1. Verðjöfnunargjald af mjólk 0.04 pr. lítra .....	kr. 9934.87
2. Verðjöfnunargjald af rjóma 0.25½ pr. lítra .....	— 1469.85
3. Verðfellingargjald af rjóma 0.25½ pr. lítra .....	— 1469.85
4. Verðfellingargjald af skyri 0.09½ pr. lítra .....	— 1034.56
5. Leyfisgjald til starfrækslu búans 0.03½ pr. lítra .....	— 14182.40
6. Verðmunur á heimsendu skyri til bænda 0.33 pr. kíló .....	— 869.72
7. Verðmunur á heimsendum osti til bænda 0.20 pr. kíló .....	— 154.48
	Samtals kr. 29115.73

Er það auðsætt, að slíkt gjald sem þetta, auk alls kostnaðar við rekstur búans, er algerlega ofviða þeim bláfátæku mjólkurframleiðendum, sem standa að þessu litla búi (innvegin mjólk í búið var 527890 lítrar síðastliðið ár). Er það því í fyllsta máta réttmætt að láta þá verða lausa við þessa skattgreiðslu, þegar þess er líka gætt, að þeir hafa ekki annan markað en Hafnarfjarðarkaupstað og að undanfarin ár hafa sýnt það, að þeir eru algerlega færir um að fullnægja mjólkurþörf bæjarbúa.